<p>4 ný hús, sambyggð á steinsteyptum grunni, hlaðin úr holsteini með steiptum göflum og austurvegg. Holsteinninn er hlaðinn innan í stálgrind. Allar sperrur og veggjasúlur eru úr stáli. Gafleggir og austurveggur eru einangraðir með vikri, allt múrhúðað að utan og innan. Gólf eru járnþent steingólf og vélfáguð. Þök eru úr timbri, pappa og bárujárni, og einangruð að innan með trétexi.</p> <p>Í austurhúsi, er verkstjóraherbergi, í næsta húsi eru fataherbergi, snyrtiherbergi m/tilheyrandi, verkstjóraklefi, teiknistofa og kaffistofa, skilrúm öll úr timbri. Í næsta húsi þar fyrir vestan er byggð vörugeymsla og verkfærarúm úr timbri.</p> <p>4. húsi er ekki alveg lokið. Ath. B. liður fellur út.</p> <p>Stærð húsanna:</p> <p>A: L. 60.68 m., br. 30.30 m., h. 5.40 m., ris 3.6 m. = 13.238.00³.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á kr. 4.630.000.-</p>	
<u>Virt:5/4 1978.</u>	
<p>Frá síðasta mati hefur verið byggð ný viðbygging. Hún er steinsteypt hús, einangruð með plasti, bárujárn á þaki. Viðbygging er ein hæð, og þar lofthitun.</p> <p>Stærð viðbyggingar (B.liðs)... L. 15,10 m., Br. 30,20 m., H. 5,4 m., Ris. 2,50 m.</p> <p>B.liður er virtur ásamt tilheyrandi á.....kr. 45.495.000.-</p>	

Gata og númer: Borgartún 27

Möt framkvæmd: 7.sept. 1973	Metið kr.
<p>Nýtt verksmiðjuhús. Húsið, sem er 1 hæð, er byggt á steinsteyptum grunni, úr stálgrind klætt utan bárujárn, einangrað með plasti. Þakið er bárujárn. Hitaveita.</p> <p>1.hæð: Þar er ósundurhólfaður salur. Salerni með tilheyrandi. Kaffistofa. Plast í gluggum á þaki. Rennihurð. Steypt gólf.</p> <p>Stærð hússins: L 16,80 m., Br. 16,80 m., H. 4,90 m., Ris 2,44 m. = 1727 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt ákr.</p>	4.836.000.-
<u>Virt:13/10 1978.</u>	
Húsin hafa verið endurmetin til hækkunar,	
Stærðir. A.liður: 8.473m ³ er virtur á.....kr	100.717.000.-
Stærðir. B.liður: 1.727m ³ er virtur á.....kr	31.086.000.-
Húsið ásamt tilheyrandi er virt á.....kr	131.803.000.-

Gata og númer: Borgartún 29

Möt framkvæmd: 17.jan. 1974	Metið kr.
<p>Nýtt verzlunar- og skrifstofuhúsnæði. Húsið, sem er 2 hæðir og kjallari er byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti. Slétthúðað og málað utan. Þakið er timbur, pappi og bárujárn. Hitaveita.</p> <p>1.hæð: Þar er verzlunar- og skrifstofuhúsnæði. Allt fullfrágengið, málað í hólf og gólf. Gólf eru ýmist dúk- eða flísalögð.</p> <p>2.hæð: Þar er skrifstofuhúsnæði. Málaðir veggir og tvöföld gler í gluggum. Gólf eru flísa- og dúklögð. V.s. og handlaugar.</p> <p>Kjallari: Þar er geymslurými og léttur iðnaður. Allt fullfrágengið.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L 45,05 m., Br. 15,21 m., H. 7,2 m., Ris 1,4 m., Kj. 2,9 m.=7332 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt ákr.</p>	<p>43.992.000.-</p>

Gata og númer:

BORGARTÚN ²⁸ / Sindrasmiðjan h/f.

Möt framkvæmd: 30/9/1960.	Metið kr.									
<p>Nýtt vésmíða- og stálherzluhús, ein hæð og ris, byggt úr steinsteypu, einangrað með vikri og plasti, slefthúðað og málað utan og með þaki úr stálspernum og bárujárnri.</p> <p>Á 1. hæð er rennismíði, plötusmíði og stálherzla. Skilrúm eru úr asbesti. - Ekkert loft er í húsinu. - Upphitun er með olfukyndingarkatli, lofthitun.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 44,69 m, br. 14,0 m, h. 5,4 m, ris 2,10 m, = 4.035,5 m³</p> <p>Húsið með tilheyrandi er netið á.....kr. 887.800,-</p>										
<p>Virt 3/12 1980.</p> <p>Óskað eftir endurmati, sett hefur verið nýtt hitakerfi í part af húsinu og ýmsar endurbætur hafa átt sér stað.</p> <p>Óskað eftir að sundurskilja eignirnar í mati.</p> <p>Vesturálma nýtt stálgrindarhús einn geymur.</p> <p>Stærðir eru:</p> <table data-bbox="310 932 1344 1087"> <tr> <td>A)</td> <td></td> <td>4036 m³.</td> </tr> <tr> <td>B)</td> <td>L. 29,00 m., br. 9,37 m., h. 4,90 m.,</td> <td>1331 m³.</td> </tr> <tr> <td>C)</td> <td>L. 20,30 m., br. 14,93 m., h. 3,65 m.,</td> <td>1106 m³.</td> </tr> </table> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi er virt ákr. 291.208.000</p>	A)		4036 m ³ .	B)	L. 29,00 m., br. 9,37 m., h. 4,90 m.,	1331 m ³ .	C)	L. 20,30 m., br. 14,93 m., h. 3,65 m.,	1106 m ³ .	
A)		4036 m ³ .								
B)	L. 29,00 m., br. 9,37 m., h. 4,90 m.,	1331 m ³ .								
C)	L. 20,30 m., br. 14,93 m., h. 3,65 m.,	1106 m ³ .								

Gata og númer:

BORGARTÚN 30 BORGARSKÁLI Nr. 1 og Nr. 2

Möt framkvæmd: 30/9/1957.	Metið kr.
<p>Tvær nýjar vörugeymslur, ein hæð og ris, stálgrindarhús á steinsteiptum grunni og með steinsteiptum gólfum, óeinangraðar, klæddar að utan með bárujárni og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni á stálgrind.</p> <p>Hæðin er ósundurhólfaður geymur og opið upp í risið. Engin upphitun, en rafmagn er notað til ljósa. - Skemmurnar tvær eru að öllu leyti eins.</p> <p>Stærð vörugeymslanna:</p> <p>A: L. 63.0 m. Br. 49.0 m. H. 5.2 m. Ris 3.5 m. = 21.609.0 m³ Metin á . . . kr. 3.241.400.00</p> <p>B: L. 63.0 m. Br. 49.0 m. H. 5.2 m. Ris 3.5 m. = 21.609.0 m³ Metin á . . . " 3.241.400.00</p> <p style="text-align: right;">Kr. 6.482.800.00</p>	
<p>-----</p> <p><u>Virt 31/5 1977.-</u></p> <p>Ný ryðvarnarstöð hefur verið byggð. Húsið er steinsteipt, einangrað með plasti, málað að utan og slétthúðað og er bárujárni á þaki. Húsið er ein hæð.</p> <p>Þar er einn salur til ryðvarna, þvottastaða, afgreiðsla, geymsla, skrifstofa, kaffistofa, sturtuklefar, v.s., fataherbergi.</p> <p>Tvöfalt gler er í gluggum, veggir eru flísalagðir að hluta, áklæðning á veggjum í sal. Harðsteypugólf með tilheyrandi.</p> <p>Upphitað með hitaveitu. Aðeins l.hæðin er byggð.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>B. L. 13.00 m., Br. 42.30 m., H. 4.90 m.,) L. 30.70 m., Br. 5.00 m., H. 3.20 m.,) = 3.186 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....kr. 95.580.000.-</p>	

Gata og númer: Borgartún 31

Möt framkvæmd: 20.marz 1975	Metið kr.
<p>Nýtt birgðargeymsluhús. Húsið, sem er 1 hæð, er byggt á steinsteiptum grunni úr stálgrind. Einangrað með gosull og glerull. Vinylhúðað utan. Vinylhúðað járnþak.</p> <p>1.hæð: Þar er 1 salur, vörugeymsla. Óeinangrað og ópiljað innan, gólf mikið járnþak (fyrir þungavörur). Báruplastgluggar.</p> <p>Stærð hússins: L 66,00 m., Br. 44,00 m., H. 6.65 m., Ris 2,6 m.=23087m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt ákr. 87.731.000.-</p>	

<p>Virt: 10/12 1980.</p> <p>1. hæð og kjallari tekið í notkun (forhús).</p> <p>Þar er verzlun, tvöfalt gler í gluggum, viðarskilrúm sums staðar.</p> <p>Kjallari:</p> <p>Iónaðarhúsnæði, málaðir veggir og gólf.</p> <p>Stærðir:</p> <p>B:</p> <p>L. 42,50 m., br. 12.00 m., h. 3,80 m., kj. 3,50 m., 3713 m³.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi er virt á kr. 204.765.000</p>	

Gata og númer:

(LÆKJARTEIGUR 2) Borgarhlíð 32

Möt framkvæmd: 25/8/1962. 30/6/1972	Metið kr.
<p>Nýtt veitingahús, rannsóknarstofur, skrifstofur og lager, þrjár hæðir og kjallari, byggt úr steinsteypu, einangrað með korki, gosull og plasti, múrhúðað og málað utan, þak er steipt og með bárujárni. Upphitun er rafmagn, næturhitun.</p> <p>Á 1. hæð eru rannsóknarstofur og skrifstofur.</p> <p>Á 2. hæð er veitingahús, og snyrtiherbergi karla og kvenna m/tilheyrandi.</p> <p>Á 3. hæð er veitingahús og eldhús.</p> <p>Í kjallara eru efnisgeymslur, búningsherbergi og skrifstofur.</p> <p>Húsið er allt málað og á gólfum er dúkur, parket eða máluð gólf.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 20.0 m., br. 21.0 m., h. 7.5 m., kjh. 2.7 m.</p> <p>þak " 20.0 " " 15.65 " " 3.7 "</p> <p>" 5.0 " " 5.30 " " 10.5 " kjh. 2.7 m. = 5.792.00 m³.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi er virt á kr. 3.650.000.-</p>	
<p><u>Virt:30/6/1972</u></p> <p>Frá síðasta mati, 25/8/1962, hafa ýmsar lagfæringar orðið og breytingar. Á 1. hæð er ný innrétting þar er einn veitingasalur, parkett gólf og harðviðarklæðning á veggjum einnig málað, viðar loft. Fatahengi. Á 2. hæð: Þar var fatahengi fjarlæggt og salurinn stækkaður sem því nam. Á 3. hæð: Voru lagfærðar innréttingar.</p> <p>Kjallari: Þar eru v.s. og handlaugar og innréttuð aðstaða fyrir starfsfólk. Skrifstofur.</p> <p>Húsið er óbreytt að stærðum.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 20.0 m., br. 21.00 m., h. 7.5 m., kj. 2.7 m.</p> <p>L. 20.0 m., br. 15.65 m., h. 3.7 m.,</p> <p>þak: L. 5.0 m., br. 5.30 m., h. 10.5 m., kj. 2.7 m. = 5.792.00 m³.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á kr. 28.960.000.-</p>	

Gata og númer: Borgartún 33

Möt framkvæmd: 26/10/68	Metið kr.
<p>Húsið er verzlunar- og skrifstofubygging, viðgerðarverkstæði. Húsið, sem eru 3 hæðir og kjallari, er byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti. Múrhuðað og málað utan. Þakið er timbur, pappi og bárujárn. Hitaveita.</p> <p>1. hæð: Þar er verzlunir, V.S. með tilheyrandi. Veggir málaðir. Viðarklæðningar, tvöfalt gler, hljóðeinangrun í loftum.</p> <p>2. hæð: Þar er hólfað niður í skrifstofuherbergi. Viðarskilrúm, á gólfum eru dúkar. Tvöfalt gler. V.S., kaffistofa, eldhús.</p> <p>3. hæð: Þar er íbúð: 3 herbergi, eldhús og bað, skáli. Allt málað og veggfóðrað og viðarklætt. Sýningarsalir.</p> <p>Kjallari: Þar er vörugeymsla.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L 42, 5m., Br. 14, 5m., H. 10, 1m., Ris 1, 0m. = 6532 m³</p> <p>Kj. L42, 2m., Br. 14, 0m., Kj. 3, 2m. = 1890 m³</p> <p style="text-align: right;">8422 m³</p>	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á kr.	26.950.000.00
Ath.: Vörulyfta er með í matinu. Marmari á forstofu.	

Gata og númer: BORGARTÚN 34

Mót framkvæmd: 16.04.81.	Metið kr.
<p>Nýtt atvinnuhúsnæði, byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti, múrhuðað að utan og með bárujárnsþaki. Húsið er 3 hæðir og kjallari.</p> <p>Á 1. hæð er bílaverkstæði.</p> <p>Á 2. hæð eru veggir: trégrind klædd með eldtefjandi spónaplötum. loft: strengjasteypuplötur og trégrind klædd með Heraklít.</p> <p>4 skrifstofur eru einnig á 2. hæð, telex, afgreiðsluherb. og snyrting fyrir konur og karla, einnig ræstingaherbergi.</p> <p>Á 3. hæð er eins og á 2. hæð auk þess íbúð fyrir húsvörð með eldhúsi, stofu og svefnherbergi og átta gistiherbergi, gangur. Ath. að lyfta er í húsinu.</p> <p>Í kjallara eru hlaðnir milliveggir og múrhuðaðir. Þar eru einnig 4 herbergi (geymslur) og stór salur.</p> <p><u>Stærð hússins:</u></p> <p>L. 13,70 m., br. 25,00 m., h. 12,10 m., ris 1,70 m., kj. 2,68 m. " 15,00 " " 10,46 " " 2,60 " 5.761m³ L. 24,30 " " 15,27 " " 6,00 " 2.226m³</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á</p>	<p>6.337.100,00</p> <p>1.558.200,00</p> <p>7.895.300,00</p>

Gata og númer: Borgartún 35, Aðalverkstæði S.V.R v/Kirkjusand.

Möt framkvæmd:	Metið kr.									
<p>30.okt. 1971.</p> <p>Verkstæði fyrir vagna og skrifstofur. Húsið, sem er 2 hæðir, að hluta, er byggt úr steinsteypu og einangrað með plasti. Múrhúðað málað og slétt húða utan. Steypt þak og pappapak. Kjallari. Hæðaveita.</p> <p>1.hæð: Þar er herbergi verkstjóra, timbur og gler, afgreiðslur timbur og gler. Snyrtiherbergi, hlaðin og plasthúðuð skilrúm. Sturtuklefi er flísalagður. Veggir eru múrhúðaðir og hlaðnir eða óhúðuð steypa, málaðir eða lakkaðir. Loft eru "fölsk" - klædd og heroklite plötum, að hluta máluð. Gólf vélslípuð og máluð með epoxygólfmálningu. Hurðir plastklæddar og massivar. Gluggar eru Oregonepinefúavarðir með dökku. Útihurðir teak, innkeyrsluhurðir úr furu, fúavarðar með dökku. Gler er tvöfalt. Loftristar í gluggum.</p> <p>2.hæð: Nú uppsteypt, einangruð og pússuð, gluggar fullbúnir, loft klædd að mestu með heroklite. Skrifstofuhúsnæði, matstofa og eldhús með tilheyrandi, snyrtingar. Verða timburskilveggir, dúkur á gólfum eða teppi. Málað á venjulegan hátt og frágangur líkur og niðri.</p> <p>Kjallari: Gryfjukjallari til viðgerða og smurnings á bílum. Epoxy á gólfum, veggir málaðir og lakkaðir að hluta, þ.e. sami frágangur og á hæð. Að öðru leyti nýtt fyrir lager, geymishleðslu og pressuherbergi. Auk þess er þar blásarasamstæða til lofthitunar og ræstingar. Rafmagns- og hitainntak ofl.</p> <p>Stærð hússins:</p> <table border="0" style="margin-left: 40px;"> <tr> <td>L 43,07 m., Br. 14,0 m., H. 6,50 m.</td> <td rowspan="4" style="font-size: 3em; vertical-align: middle;">}</td> <td rowspan="4" style="vertical-align: middle;">10.474 m³</td> </tr> <tr> <td>L 43,07 m., Br. 4,90 m., H. 4,10 m. Kj. 2,7 m.</td> </tr> <tr> <td>L 40,87 m., Br. 11,60m., 7,5 m. H. Kj. 2,7 m.</td> </tr> <tr> <td>L 2,2 m., Br. 2,2 m., H. 4,10 m. Kj. 2,7 m.</td> </tr> <tr> <td>2 X L 12,00 m., Br. 8,3 m., H. 1,26 m.</td> <td></td> <td></td> </tr> </table> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt ákr.</p>	L 43,07 m., Br. 14,0 m., H. 6,50 m.	}	10.474 m ³	L 43,07 m., Br. 4,90 m., H. 4,10 m. Kj. 2,7 m.	L 40,87 m., Br. 11,60m., 7,5 m. H. Kj. 2,7 m.	L 2,2 m., Br. 2,2 m., H. 4,10 m. Kj. 2,7 m.	2 X L 12,00 m., Br. 8,3 m., H. 1,26 m.			34.422.000.-
L 43,07 m., Br. 14,0 m., H. 6,50 m.	}			10.474 m ³						
L 43,07 m., Br. 4,90 m., H. 4,10 m. Kj. 2,7 m.										
L 40,87 m., Br. 11,60m., 7,5 m. H. Kj. 2,7 m.										
L 2,2 m., Br. 2,2 m., H. 4,10 m. Kj. 2,7 m.										
2 X L 12,00 m., Br. 8,3 m., H. 1,26 m.										
<p>Virt:18/3 1978.</p> <p>Frá síðasta mati hefur húsið verið endurbætt.</p> <p>11.hæð. Skrifstofuhúsnæðið hefur verið innréttað, viðarskilrúm og gler í milligerðum, korkur á gólfum.</p> <p>111.hæð. Naglfastar stálinnréttingar, plast og viðarklætt.</p> <p>1111.hæð. Snyrtiherbergi með tilheyrandi, gluggar endurnýjaðir, svo og raflagnir og ljósataeki. Stærðir eru óbreyttar frá síðasta mati.</p> <p>Húsið ásamt tilheyrandi er virt á.....kr.</p>	261.850.000.-									

Gata og númer:

B o r g a r t ú n. (Defensor).

Möt framkvæmd: (1/11/1943.) 25/2/1947. Samræmismat 1. apríl 1951.	Metið kr.
a. Geymsluhús, tvílyft, með risi og lofthettu, úr steinsteypu, sementsslétt- að utan, og með járnþaki á plægðri borðasúð, með pappa á milli. Í því er timburgólf, en ekkert loft, og veggirnir sementsburstaðir innan. Stærð: L. 12.6 m. br. 6.8 m. h. 6.3 m. ris 1.9 m. Húsið, er virt á.....	51.200.-
b. Geymsluhús er við austurhlíð áðurnefnds húss, einlyft, með porti og risi. Í því er loft og gólf úr plægðum 5/4" borðum. Að söru leyti er það byggt eins og geymsluhúsið hér á undan. Stærð: L. 23.9 m. br. 12.6 m. h. 4.0 m. ris 1.9 m. Húsið, er virt á.....	154.000.-
c. Geymsluhús, með steinsteypugólfi, úr steinsteypu, með járnþaki á lang- böndum. Í því er járnbrautarspor eftir því endilöngu. Stærð: L. 18.8 m. br. 15.7 m. h. 3.5 m. ris 2.8 m. Húsið, er virt á.....	91.500.-
d. Geymsluhús, einlyft, með skúrþaki, úr bindingi, klætt utan með plægðum borðum, millipappa og járnþaki yfir á veggjum og þaki. (Í honum eru 4 íbúðar- herbergi, eldhús, búr og gangur, allt þiljað og með timburgólfi, en ómálað.) Stærð: L. 18.5 m. br. 5.4 m. meðalh. 3.1 m. skáþak. Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	15.500.-
e. Viðbótabygging er byggð eins og húsið. Stærð: L. 6.4 m. br. 6.0 m. h. 3.1 m. skáþak. Húsið, er virt á.....	6.660.-
Samtals	318.860.-
=====	
a. Geymsluhúsin eru óbreytt frá síðasta mati 1/11/1943. Geymsluhús: L. 12.6 m. br. 6.8 m. h. 6.3 m. ris 1.9 m. Viðbygging: L. 23.9 m. br. 12.6 m. h. 4.0 m. ris 1.9 m. Do: L. 18.8 m. br. 15.7 m. h. 3.5 m. ris 2.8 m. ✕ Húsið, ásamt 2 viðbyggingum og tilheyrandi, er virt á.....	423.200.-
b. Íbúðarhúsið hefir verið mikið endurbætt frá síðasta mati 1/11/1943. Klætt texti neðan á loft og málað, veggir með álímdum veggjapappír og gólf dúk- lögð. 5 íbúðarherbergi, 2 eldhús, 1 v.s. Inngönguskúr er byggður við það úr timbri, járnklæddur. Íbúðarhús: L. 18.5 m. br. 5.4 m. meðalh. 3.1 m. skáþak. Viðbygging: L. 6.4 m. br. 6.0 m. meðalh. 3.1 m. skáþak. Inngönguskúr: L. 2.4 m. br. 2.2 m. h. 2.7 m. skáþak.	423.200.-

Gata og númer:

Borgartún.

Möt framkvæmd:	Metið kr.
Flutt	423.200.-
Húsið, ásamt viðbyggingu, inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	102.100.-
c. Íbúðarhús, 4ður Freyjugata 27, brn. 1692 færast nú yfir á þetta númer. Það er byggt úr bindingi á steinsteyptum grunni, klætt utan borðum, pappa og járn á veggjum og þaki. Loft er klætt texti og málað, veggfóðrað og dúklagt. Þar eru 2 íbúðarherbergi. Í húsinu er miðstöðvareldavél.	
Íbúðarhús: L. 5.0 m. br. 3.8 m. h. 2.7 m. ris 1.0 m.	
Viðbygging: L. 5.0 m. br. 3.2 m. h. 2.3 m. skápak.	
Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....	24.000.-
d. Viðgerðarstaði ymist steypt eða blaðið úr steyptum steini á steinsteyptan grunn með timburþaki, klæddu timbri neðan á langbönd, múrhúðað utan og innan, ósundurhólfað.	
Verkstæði: L. 12.0 m. br. 6.0 m. h. 3.4 m. ris 1.7 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	24.100.-
e. Smiðja byggð eins og litra d, hólfuð í tvennt með hlöðnu skilrúmi.	
Smiðjan: L. 4.2 m. br. 4.6 m. h. 2.4 m. ris 1.4 m.	
Viðbygging: L. 3.7 m. br. 4.6 m. h. 2.4 m. skápak.	
Smiðjan ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....	7.900.-
	Samtals 581.300.-

Samræmismat 1. apríl 1951.

A. Geymsla : L 12.6 br. 6.8 h. 6.3 ris 1.9	= 616.90 m ³	
" Viðbygging: L 23.9 br. 12.6 h. 4.0 ris 1.9	= 1475.59 m ³	
" do : L 18.8 br. 15.7 h. 3.5 ris 2.8	= 1446.28 m ³	707.800.00
B. Íbúðarhús : L 18.5 br. 5.4 mh. 3.1 skápak	= 309.69 m ³	
" Viðbygging: L 6.4 br. 6.0 " 3.1 "	= 119.04 m ³	
" Inngönguskúr: L 2.4 br. 2.2 h. 2.7 "	= 14.26 m ³	132.900.00
C. Íbúðarhús : L 5.0 br. 3.8 h. 2.7 ris 1.0	= 60.80 m ³	
" Viðbygging: L 5.0 br. 3.2 h. 2.3 skápak	= 36.80 m ³	32.200.00
D. Verkstæði : L 12.0 br. 6.0 h. 3.4 ris 1.7	= 302.40 m ³	30.200.00
E. Smiðja : L 4.2 br. 4.6 h. 2.4 ris 1.4	= 59.89 m ³	
" Viðbygging: L 3.7 br. 4.6 h. 2.4 skápak	= 40.85 m ³	10.100.00
	4482.50 m ³	913.200.00

Möt framkvæmd: 22/1. 1959. 13/11/1964.	Metið kr.
<p>Virt 22/1. 1959.</p> <p>Frá síðasta mati , 25/2. 1947, hefur verið byggt geymslu- og skrifstofuhús upp úr þriðju álmu eldra hússins. Er húsið þrjár hæðir og ris, byggt úr steinsteypu, einangrað með timbri og pappa, slétthúðað utan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárn.</p> <p>Á 1. hæð er vörugeymsla, v. s. og handlaug.</p> <p>Á 2. hæð eru 6 skrifstofur og vörugeymsla, 2 snyrtiherbergi og gangur,</p> <p>Allt málað.</p> <p>Á 3. hæð er 1 salur og 2 snyrtiherbergi. Allt málað.</p> <p>Í þakhæð eru teiknistofur 5 herbergi, gangur og 2 snyrtiherbergi. Allt málað.</p> <p>- Einnig hafa verið innréttaðar skrifstofur í I álmu í staflið A (eldra húsið).</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>A. L. 12.6 m., br. 6.8 m., h. 6.3 m., ris 1.9 m.</p> <p>"millib. " 23.9 " " 12.6 " " 4.0 " " 1.9 " = 2.092.49 m³ kr. 1.569.400.-</p> <p>"nýbygg. " 18.95 " " 15.8 " " 9.6 " " 4.0 " = 3.473.16 m³kr. 2.604.900.-</p> <p>B. L. 18.5 m., br. 5.4 m., h. 3.1 m., ris skáp.</p> <p>" v/b " 6.4 " " 6.0 " " 3.1 " " "</p> <p>" inng.: " 2.4 " " 2.2 " " 2.7 " " " = 442.99 m³ kr. 345.500.-</p> <p>C. L. 5.0 m., br. 3.8 m., h. 2.7 m., ris 1.0 m. =</p> <p>" v/b. " 5.0 " " 3.2 " " 2.3 " " skáp. = 97.60 m³kr. 76.100.-</p> <p>D. L. 12.0 m., br. 6.0 m., h. 3.4 m., ris 1.7 m. = 302.40 m³ kr. 90.700.-</p> <p>E. L. 4.2 m., br. 4.6 m., h. 2.4 m., ris 1.4 m. =</p> <p>" " 3.7 " " 4.6 " " 2.4 " " skáp. = 100.72 m³ kr. 30.200.-</p> <p>Húsið með tilheryandi er metið á Alls kr. 4.716.800.-</p>	
<p>Virt 14/11/1964.</p> <p>Frá síðasta mati 22/1/1959, hafa farið fram nokkrar breytingar á nýb. viðb. v. A</p> <p>1. og 2. hæð er óbreytt, en 3. hæð er nú þannig, að þar eru 5 skrifstofuherbergi, teiknisalur, 2 snyrtiherbergi. Skilrúm úr viði og allt málað og dúklagt og loft hljóðeinangruð.</p> <p>Þakhæði n er óbreytt.</p> <p>Stærð hýbyggingar:</p> <p>L. 18.95 m., br. 15.8 m., h. 9.6 m., ris 4.0 = 3.473.16 m³.</p> <p>Nybyggingin, ásamt tilheryandi, er virt á kr. 5.210.000.-</p>	

Gata og númer:

Laugarnesvegur

Kirkjusandur vestri.

Möt framkvæmd: 16/5/1951.

Metið kr.

Húsið er áður ómetið geymsluhús, 1 hæð og ris hlaðið úr steini, slétthúðað utan, óeinangrað og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Það er ósundurhólfað og með steinsteyptu gólfi.

Stærð hússins: L 10.0 m. br. 8.4 m. mh. 3.0 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

17.600.00v

Gata og númer:

Laugarnesvegur Kirkjusandur vestri.

Möt framkvæmd: 16/5/1951.

Metið kr.

Hús þetta er áður ómetið geymsluhús, 1 hæð og bogapak, byggt úr stálgrind og klætt utan bárujárni á veggjum og þaki. Það er ósundurhólfað og með timburgólfi.

Stærð hússins: L 11.0 m. br. 4.8 m. h. 2.3 m. bogapak.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

8.500.00 ✓

Gata og númer:

Laugarnesvegur

Kirkjusandur vestri.

Möt framkvæmd: 16/5/1951.

Metið kr.

Húsið er áður ómetið geymsluhús, 1 hæð og bogapæk, byggt úr stálgrind og klætt utan bárujárni á veggjum og þaki. Það er ósundurhólfað og með timburgólfi.

Stærð hússins: L 11.0 m. br. 4.8 m. h. 2.3 m. bogapæk.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

8.500.00 ✓

Gata og númer:

Laugarnesvegur

Möt framkvæmd: 16/5/1951.

Metið kr.

Húsið er áður ómetið geymsluhús, 1 hæð og bogapak, byggt úr stálgrind og klætt utan bárujárni á veggjum og þaki. Það er ósundurhólfað og með timburgólfi.

Stærð hússins: L 11.0 m. br. 4.8 m. h. 2.3 m. bogapak.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt.....

8.500.00 v

Gata og númer: Laugarnesvegur Kirkjusandur vestri.

Möt framkvæmd: 16/5/1951.

Metið kr.

Húsið er áður ómetið geymsluhús, 1 hæð og bogapak, byggt úr stálgrind og klætt utan bárujárni á veggjum og þaki. Það er ósundurhólfað og með timburgólfi.

Stærð hússins: L 11.0 m. br. 4.8 m. h. 2.3 m. bogapak.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á

8.500.00

Gata og númer:

Laugarnesvegur, Kirkjusandur.

Möt framkvæmd: 1/3/1943.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, tvílyft, með risi, úr bindingi, klætt utan með plægðum borðum, pappa, listum og járni á veggjum og þaki. Í útveggi er fyllt með sagspónum og milligólf er í neðsta bitalagi, en fyllt í hin með sagspónum. Í neðri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Allt þiljað og málað. Í efri hæðinni eru 3 herbergi með rúmstæðum, föstum og gangur. Allt þiljað og málað. Steinsteypugrunnur er undir húsinu.</p> <p>Stærð: L. 10.0 m. br. 7.5 m. h. 6.3 m. ris 1.3 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	52.200.-
<p>b. Vélahús, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Þar er steinsteypugólf og veggir eru sementssléttaðir utan og innan.</p> <p>Stærð L. 7.5 m. br. 6.3 m. h. 4.1 m. skáþak.</p> <p>Húsið er virt á.....</p>	17.460.-
<p>c. Þurkhús, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og járni þar yfir á veggjum og þaki. Í binding er pappi. Að innan er húsið allt þiljað með hefluðum borðum. Í því er steinsteypugólf og grunnmúr er undir öllu húsinu, sem er 0.5 m. hærrí, en gólfíð sjálft. Með timburskilvegg er húsinu skipt í tvennt. Fiskþurkunarhús, með grindum, sem hvíla á bindingsverki í húsinu sjálfu. Á mæni hússins eru 2 loftrásarskýli, byggð eins og húsið sjálft.</p> <p>Stærð: L. 14.2 m. br. 7.5 m. h. 4.8 m. ris 1.6 m.</p> <p>Húsið er virt á.....</p>	59.600.-
<p>d. Geymsluskúr, úr steinsteypu, með þaki og gólfi úr sama efni.</p> <p>Stærð: L. 3.6 m. br. 2.5 m. h. 2.2 m. skáþak.</p> <p>Skúrinn er virtur á.....</p>	1.600.-
<p>e. Geymsluhús, fyrir þurkaðan fisk er við suðurhlíð þurkhússins, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og járni á veggjum og þaki. Pappi er í binding og timburgólf er í öllu húsinu og það allt þiljað innan með hefluðum borðum. Á því er skúrþak.</p> <p>Stærð: L. 14.2 m. br. 5.2 m. h. 3.8 m. skáþak.</p> <p>Skúrinn er virtur á.....</p>	19.600.-
<p>f. Fiskþvottahús, úr bindingi, klætt utan járni á langböndum, á veggjum og þaki. Í því er steinsteypugólf, með járnbrautarteinum og rennum.</p> <p>Stærð: L. 18.8 m. br. 11.3 m. h. 2.0 m. ris 1.9 m.</p> <p>Húsið er virt á.....</p>	47.600.-
	Samtals 198.060.- ✓

Gata og númer:

BORGARTÚN KIRKJUSANDUR

Möt framkvæmd: /30/9/1970	Metið kr.
<u>30/9/1970</u>	
Endurmetið til lækkunar, vegna verðmætisrýrnunar.	
F. liður er færður yfir á nr. 427 (þvottastöð S.V.R.) A. og D liður rífið.	
Stærð hússins:	
B: L. 7.5 m., br. 6.3 m., h. 4.1 m., ris skáp. = 194.00 m ³	80.000.-
C: L.14.2 m., br. 7.5 m., h. 4.8 m., ris 1.6 m. = 596.00 m ³	250.000.-
E: L.14.2 m., br. 5.2 m., h. 3.8 m., = 281.00 m ³	120.000.-
(F: L.18.8 m., br.11.3 m., h. 2.0 m., ris 1.9 m. = 616.00 m ³ kr.200.000.-)	200.000.-
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á	kr. 450.000.-

Gata og númer:

Borgartún / Skúlatún

Möt framkvæmd: 5/7/1951.

Metið kr.

Prentsmiðjuhús m/m, 3 hæðir og ris, byggt úr steinsteypu, flest skilrúm vikurhlaðin, slétthúsað og málað utan, vikurklætt innan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Á I. hæð er stór prentvélasalur, skrifstofa, anddyri og olíumiðstöðvarklefi og v.s. m/handlaug, allt snjókremað og dúklagt. Á II hæð er plastikgerðarsalur, prentsmiðjusalur (Rún) v.s. með handlaug, stigaanddyri og gangur, allt málað. Á III. hæð er plastikgerðarsalur, bókbandssalur, v.s. m/handlaug og stigaanddyri, allt málað og dúklagt. Þakhæðin er ósundurhólfuð geymsla.

Stærð hússins: L 12.78 m. br. 13.5 m. h. 10.0 m. ris 1.8 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á

620.600.00

Gata og númer:

Borgarhúsi
Laugavegur

H ö f ð i

Möt framkvæmd: (8/9/1909)(26/7/1919)(18/9/1920)(1/9/1923)(1/10/1924) 1/2/1941	Metið kr.
<p>Einlyft íbúðarhús með brotnu þaki og tveimur grunnum, kvistum á suðurhlíð og veggsvölum (lokuðum) uppi og niðri að norðanverðu. Húsið er byggt af plönkum, klætt utan m. pl. 5/4" borðum með pappa á milli og með hellupaki á pl. 5/4 borðasúð. Niðri í húsinu eru 6 íbúðarherbergi, eldhús, búr og 4 gangar, allt þiljað og herbergin með striga og pappír á veggjum og loftum allt málað. Þar eru 6 ofnar og 1 eldavél. Uppi eru 6 herbergi, baðherbergi, 6 fastir skápar og 3 gangar. Í baðherberginu er 1 baðker og 1 baðofn. Allt er þiljað og málað uppi og sum af herbergjunum með striga og pappír á veggjum og loftum. Þar eru 6 ofnar (og 1 baðofn eins og áður var sagt) Undir öllu húsinu er kjallari. ? al. á hæð með steinsteypugólfi; hann er hólfaður með steinskilrúmunum í 5 geymsluherbergi, þvottahús, straustofu og 1 gang. Í þvottahúsinu er 1 vatnspottur og strauofn í straustofunni. Um allt húsið er vatnsleiðsla og 2 vatnslóset í húsinu. Rishæð hússins er 8 álmur.</p>	
Lengd 26 al. br. 21 al. hæð 6 al. Hver hlaup al. á kr. 1.371.00	35.646.00
12 ofnar: 6/70, 4/60, 2/45. Eldavél á kr. 90.00	840.00
1 strauofn 30.00 kr., 1 baðofn á kr. 150.00, 1 baðker kr. 70.00	250.00
Samtals krónur	36.736.00
Virt 26/7/1919	
Húsið er óbreytt að mestu frá virðingu 8/9. 1909.	
A. Íbúðarhúsið: 26 x 21 x 6 ál. Ris 8 ál. Hver hl.al. nú 3425 kr.	89. 050.00
13 ofnar 6/210 4/180 2/135 1/90 1 eldavél 500 kr. 1 baðofn 450 krónur 1 baðker 210 kr. Vatns- og skolpleiðslur kr. 1.000.-	4. 500.00
B. Hesthús með geymslu og heyhlöðu er fyrir vestan húsið, byggt af binding klætt utan með 1" borðum á 3 vegu en með steinsteypuvegg að sunnanverðu, og með jarnþaki á borðasúð með pappa á milli. Niðri er það hólf að í tvennt að endilöngu; þar er hesthús með steingólfi, allt þiljað en hitt er geymsla. Þiljuð innan, með timburgólfi og timburlofti. Uppi er heygeymsla.	
L 7 1/4 al. br. 13 3/4 al. hæð 4 3/4 al. ris 2 1/2 al.	
Hver hl. al. á kr. 400.00	2.900.-
Samtals krónur	96.450.00
Virt 18/9/1920.	
Húseignin er óbreytt frá dýrtíðar-virðingu 26. júlí 1919.	
A. Íbúðarhæð stærð: 26 x 21 x 6 áln. Ris 8 áln. hv.hl.alin nú virt á kr. 4050.-	105.300.-

Gata og númer:

Möt framkvæmd: frh.	Metið kr
13 ofnar 6/210 4/180 3/135 1 eldavél á 550.- kr. Baðtæki kr. 660.- Vatns og skolpl. á kr. 1000.-	4.595.-
B. Hesthús og hlaða stærð: $7\frac{1}{4} \times 13\frac{3}{4} \times 4\frac{3}{4}$ aln. Hv,hl. alin nú virt á kr. 500.-	3.625.-
<u>Samtals krónur</u>	<u>113.520.-</u>
<u>Virt 1/9/1923.</u>	
Húsið er óbreytt frá virðingu 18/9. 1920.	
A. Ibúðarhús stærð: 16.3 x 13.2 x 3.8 m. ris 5.0 m. Hver hlaup. meter er virtur á kr. 4.738.00	77.229.-
13 ofnar 6/150 7/120 kr. 1 eldavél á 400 kr. Vatns- og skolpl. á krónur 700.00 Baðtæki á kr. 460.00	3.300.-
B. Hesthús og hlaða stærð: 4.7 x 8.6 x 3.0 m. Hver hlaup. meter er virtur á kr. 625.00	2.938.-
<u>Samtals krónur</u>	<u>83.467.00</u>
<u>Virt 1/10/1924.</u>	
Húsið er óbreytt frá virðingu 1/9. 1923.	
A. Ibúðarhús: L 16.3 m. br. 13.2 m. h. 3.8 m. ris 5.0 m. kjh. 2.15 m. línóleumgólfdukar 2.000.- Hver hlaup. meter virtur á kr. 4.748.-	77.392.00
(4 ofnar 200.00 krónur hver) 2 kaminur á kr. 300.- hver Miðstöðvarhital. 3.750.- 1 eldavél 350 kr. Vatns- og skolpl. m/baðtækjum á kr. 1.000.- Rafmagnsl. kr. 1.050.- Þvottapottur kr. 150.-	9.700.00
B. Hesthús- og heyhlaða: L 4.7 m. br. 8.6 m. h. 3.0 m. ris 2.0 m. Hver hlaupm. er virtur á krónur 638.00	2.999.00
<u>Samtals krónur</u>	<u>90.091.00</u>
Nú er húsið allt klætt utan yfir borðaklæðninguna með pappa og jární.	
<u>Virt 1/2/1941.</u>	
Húsið er óbreytt frá virðingu 1. október 1924. Þó skal þess getið að í anddyri hússins hefur verið útbúið og afþiljað v.s. með handlaug og í útihúsum eignarinnar eru nú afþiljaðar 2 bifreiðageymslur.	
L 16.3 m. br. 13.2 m. h. 3.8 m. ris 5.0 kj. 2.2 m. Húsið er virt á.....	120.400.-
Miðstöðvarhitavél á kr. 7.000.- 2 kaminur á kr. 400.00 Rafmagnsvélslúr 700. Kolavél á kr. 400.- Vatns- og skolpl. á kr. 1.600.- Baðtæki kr. 1.200.- Rafmagnshitunardunkar á kr. 1.200.- Rafmagnsl. kr. 2.500.- Gólfdr. kr. 3.000.-	18.400.-
Hesthús- bifreiðageymsla: L 4.7 m. br. 8.6 m. h. 3.0 m. ris 2.0 m. Húsið er virt á	3.600.-
<u>Samtals krónur</u>	<u>142.400.-</u>

Möt framkvæmd: Samræmismat 1. apríl 1951. 30/8/1968	Metid kr.
A. Íbúðarhús : L 16.3 br. 13.2 h. 3.8 ris 5.0 kj. 2.2 = 1828.86 m ³	695.000.00
B. Bifreiðaskúr: L 4.7 br. 8.6 h. 3.0 ris 2.0 = 161.68 m ³	14.600.00
	<u>1990.54 m³</u>
<u>Virt 30/12/1953.</u>	
<p>Húsið er óbreytt að stærð frá síðasta matil febrúar 1941, en hefir mikið verið endurbætt: Hurðin mót norðri tekin af, settar í nýjar rúður allsstaðar þar sem brotnar voru, öðrum skorsteini upp úr þekju lokað og annar (upp úr kvisti) tekinn, nokkrar breytingar gerðar á innréttingum og skilrúm rifin, allt klætt asbesti, veggir, loft og gólf uppi og niðri, bergmálseinangrunarplötur úr asbesti settar neðan á loft, öll gólf dúklögð, öll hitalögn ný, nema miðstöðvarketill, allar rafleiðslur nýjar, öll hreinlætistöki ný, einu þaðherbergi m/keri bætt við á efri hæð og allt málað, yfirleitt allt standsett innan húss uppi og niðri.</p>	
A. Íbúðarhús : L 16.3 br. 13.2 h. 3.8 ris 5.0 kj. 2.2 = 1828.86 m ³	1.207.000.-
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	
B. Bifreiðaskúr: L 4.7 br. 8.6 h. 3.0 ris 2.0 = 161.68 m ³	40.400.-
Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	
Samtals krónur	<u>1.247.400.-</u>
<u>Virt 30/8/1968</u>	
<p>Engar breytingar eru á stærðum frá síðasta mati 30/12/1953, hins vegar hefur þak verið endurnýjað og fært í upprunalegt form. Snyrtiherbergi aukin í kjallara, væntanlega sett eldhús í kjallarann og önnur aðstaða til gestamóttöku aukin. Eldvarnarmálning er á öllum loftum að neðan.</p> <p>Stærð hússins:</p>	
L. 16.3 m., br. 13.2 m., h. 3.8 m., ris 5.0 m., kj. 2.2 m. = 1.829.00 m ³ .	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	kr. 7.682.000.-

Gata og númer:

BORGARTÚN (Höfði). Hitaveita Reykjavíkur.

Möt framkvæmd: 30/6/1961.	Metið kr.
<p>Ný dælustöð, byggð úr steinsteypu, einangrað með plasti, slétthúsað utan, og með steypu þaki. 1 hæð og kjallari.</p> <p>Á hæðinni er dælustöð og varðherbergi.</p> <p>Í kjallara er dælustöð.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>Kj. L. 10.10 m., br. 4.60 m., h. 4.5 m.</p> <p>Hæð: " 8.00 " " 4.60 " " 2.5 " skápak = 301.00 m³.</p> <p>Dælustöðin er virt á kr.</p>	<p>160.600.-</p>

Gata og númer:

B O R G A R T Ú N (F ú l a t j ö r n). Hitaveita Reykjavíkur.

Möt framkvæmd: 30/6/1961.	Metið kr.
<p>Ný dælustöð, 1 hæð og kjallari, byggð úr steinsteypu, einangrað með plasti, slétthúðað utan og með steypu þaki.</p> <p>Á 1. hæð er dælustöð og varðherbergi.</p> <p>Í kjallara er dælustöð.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>Hæð: L. 8.00 m., br. 4.60 m., h. 2.5 m., skápak.</p> <p>Kj. " 10.10 " " 4.60 " " 4.5 " = 301.00 m³.</p> <p>Dælustöðin ásamt tilheyrandi er virt á kr.</p>	<p>180.600.-</p>

Gata og númer:

Borgartún

Möt framkvæmd: 30/6/1966	Metið kr.
<p>Ný benzin og olúafgreiðsla, 1 hæð og kjallari, byggt úr steinsteypu á sfálgrund, einangrað með plasti, slétthúðað og málað að utan þakið er steipt. Hitaveita .</p> <p>1. hæð: Þar er afgreiðslusalur, kaffistofa, eldhús. Allt málað og dúklagt. Ennfremur er snyrtiherbergi m/ v. s. og handlaug.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 7.4 m., br. 4.2 m., h. 3.0 m.</p> <p>kj. L. 9.5 m., br. 4.2 m. kj. 2.5 m. = 193.00 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á kr.</p>	<p>772.000.-</p>

Möt framkvæmd: 10/8/1958.	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, þrjár hæðir, ris og kjallari, byggt úr steinsteypu, einangrað með korki, vikri og wellit, múrhúðað utan, og með þaki úr timbri, pappa og alumíníum.</p> <p>Á 1. hæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús m/borðkrók, baðherbergi m/kerlaug, v. s. og handlaug, anddyri og innri forstofa. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Hurðir eru úr harðviði. Einfalt gler er í gluggum. - Svalir.</p> <p>Á 2. hæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús m/borðkrók, baðherbergi m/kerlaug, v. s. og 2 handlaugar, anddyri og innri forstofa. Allt málað og dúklagt. Innbyggðir skápar. Hurðir eru úr harðviði. Einfalt gler er í gluggum. Svalir.</p> <p>3. hæð er að öllu leyti eins og 2. hæð, nema þar er tvöfalt gler í gluggum.</p> <p>Í þakhæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús m/borðkrók, baðherbergi m/kerlaug, v. s. og handlaugar eru 2, stigahús og forstofa. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Hurðir eru úr harðviði. Einfalt gler er í gluggum. - Auk þess er í kjallara þvottahús, kyndiklefi m/hitaveitupphitun og 4 geymslur.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 9.85 m., br. 11.35 m., h. 9.8 m., ris 2.0 m., kj. 2.7 m. = 1.397.37 m³.</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á Kr. 1.239.300.-</p>	<p>1.239.300.-</p>

Möt framkvæmd: (9/9/1944.) 16/5/1951. Samræmismat 1. apríl 1951.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, einlyft, úr bindingi, klætt utan karsettum borðum 1", pappa og jární á veggjum og þaki. Það er með porti, kvisti og risi. Á aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Pappalag er í binding hússins og öll eru herbergin ýmist veggfóðruð, eða máluð. Á þaklyfti eru 7 íbúðarherbergi og gangur. Allt með samskonar frágangi og er á aðalhæð hússins. Kjallari er undir öllu húsinu, með steinsteypugólfi. Á 3 hliðar er hann byggður úr höggnum grásteinum, en suðurhlíð hans er úr bindingi, klædd utan borðum, pappa og bárujární. Í kjallaranum eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Allt með samskonar frágangi og er á aðalhæðinni. Timburgólf er þar yfir steinsteypugólfinu. Í kjallaranum er ennfremur v.s. og geymsluherbergi.</p> <p>Stærð: L. 8.5 m. br. 7.6 m. h. 4.1 m. ris 2.8 m. kjh. 2.0 m.</p> <p>Viðbygging er við vesturenda hússins, úr steinsteypu á 3 vegu og með járnþaki á pappa og borðasúð. Þar er þvottahús, v.s., steypibaðklefi og gangur. Skilveggir eru úr tré, en gólf eru úr steinsteypu. Viðbyggingin er múrsléttuð utan.</p> <p>Stærð: L. 2.0 m. br. 7.6 m. h. 4.0 m. ris 0.6 m.</p> <p>Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....</p>	130.600.-
<p>===== <u>Virt 16/5/1951.</u></p>	
<p>Húsið hefir tekið þeirri breytingu frá síðasta mati 9. september 1944, að við það hefir verið byggð ný forstofa, er nær upp úr, úr steinsteypu, einangruð trétexi og pappa, slétthúðuð utan og með þaki úr timbri, pappa og bárujární. Á hæðinni er forstofa og stigi, málað og dúkklagt. Ný innrétting er í eldhúsi húshæðarinnar. Á þakhæð er baðherbergi m/keri og v.s. í sambandi við húsið. Hitaveita. Allt annað óbreytt.</p> <p>Íbúðarhús : L 8.5 m. br. 7.6 m. h. 4.1 m. ris 2.8 m. kj. 2.0 m.</p> <p>Viðbygging : L 2.0 m. br. 7.6 m. h. 4.0 m. ris 0.6 m.</p> <p>Ný viðb. (forstofa): L 2.0 m. br. 5.5 m. h. 5.6 m. ris 1.0 m.</p> <p>Húsið, ásamt viðbyggingum og tilheyrandi, er virt á.....</p>	271.500.00/
<p>===== <u>Samræmismat 1. apríl 1951.</u></p>	
<p>A. Íbúðarhús: L 8.5 br. 7.6 h. 4.1 ris 2.8 kj. 2.0 = 484.50 m³</p> <p>" Viðbygging: L 2.0 br. 7.6 h. 4.0 ris 0.6 = 65.36 m³</p> <p>" do : L 2.0 br. 5.5 h. 5.6 ris 1.0 = 67.01 m³</p> <p style="text-align: right;">616.96 m³</p>	271.500.00

Gata og númer:

B r a g a g a t a 22.

Möt framkvæmd: (21/6/1932.) (10/8/1946.) 12/12/1951.	Samræmistat 1. apríl 1951.	Metið kr.
<p>Íbúðar- og verzlunarahús, þrilyft, með risi, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Gólf rishæðar er úr járnþentri steinsteypu, en neðstu hæðar úr venjulegri steypu og timburgólf þar yfir. Skilveggir eru úr timbri og þiljað er innan á útveggi. 2 loft eru úr bitalögum og gólfborðum. Allar hæðirnar eru strigalagðar, veggfóðraðar og málaðar. Á neðstu hæð er sölubúð, með borðum, skápum og skúffum, skrifstofa, geymsluherbergi og anddyri. Á hvorri efri hæðanna fyrir sig eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, v.s. anddyri og gangur. Á rishæð er baðherbergi, þvottaherbergi og gangur. Stigar er úr timbri, húsið er múrsléttað utan.</p> <p>Stærð: L. 7.3 m. br. 6.6 m. h. 8.5 m. ris 2.2 m.</p> <p>Viðbygging meðfram Nönnugötu, er þrilyft íbúðar- og verzlunarahús, úr steinsteypu, með járnþaki á súð. Þar er gólf og skilveggir úr steinsteypu, allt múrsléttað. Þiljað er innan á útveggi, þeir strigalagðir og allt ýmist veggfóðrað eða málað. Á neðstu hæð er fiskbúð og gangur. Á efri hæðunum eru 2 íbúðarherbergi, á hvorri fyrir sig og þurkloft er á rishæðinni. Kjallari er undir viðbyggingunni.</p> <p>Stærð: L. 6.4 m. br. 4.2 m. h. 8.5 m. ris 2.2 m. kjh. 2.0 m.</p> <p>Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....</p>		36.300.-
<p>a. Húsið er að mestu óbreytt frá síðasta mati 21/6/1932.</p> <p>Stærð aðalhússins: L. 7.3 m. br. 6.6 m. h. 8.5 m. ris 2.2 m.</p> <p>" viðbyggingar: L. 6.4 m. br. 4.2 m. h. 8.5 m. ris 2.2 m. kjh. 2.0 m.</p> <p>Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....</p>		201.500.-
<p>b. Geymsluskúr, úr steinsteypu, er byggður áfastur við aðalhúsið, með járnþaki.</p> <p>Stærð: L. 4.0 m. br. 2.0 m. h. 1.8 m.</p> <p>Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....</p>		700.-
Samtals		202.200.-
<hr/>		
<u>Virt 12/12/1951.</u>		
<p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 10. ágúst 1946 að öðru leyti en talsverðum umbótum innan húss. Þar er nú fiskbúð og matvörubúð og á annari hæð er nú 2 tveggja herbergja íbúðir.</p>		
<p>A. Íbúðar- og verzlunarahús: L 7.3 br.6.6 h. 8.5 ris 2.2 = 462.53 m³</p> <p>" Viðbygging : L 6.4 br.4.2 h. 8.5 ris 2.2 kj.2.0 = 311.81 m³</p> <p style="text-align: right;">774.34 m³</p>		
snú við		

Gata og númer:

Möt framkvæmd: frh.	Metið kr.
B. Geymsla: L 4.0 br. 2.0 h. 1.8 = 14.40 m ³	
A. Íbúðar- og verzlunarhúsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á	325.200.00
B. Geymslan, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	2.900.00
<u>Samtals krónur</u>	<u>328.100.00</u>
<u>Samræmismat 1. apríl 1951.</u>	
A. Íbúð- og verzlh.: L 7.3 br. 6.6 h. 8.5 ris 2.2 = 462.53 m ³	
" Viðbygging : L 6.4 br. 4.2 h. 8,5 ris 2.2 kj. 2.0 = 311.81 m ³	263.300.00
B. Geymsla : L 4.0 br. 2.0 h. 1.8 = 14.40 m ³	1.200.00
<u>788.74 m³</u>	<u>264.500.00</u>

Gata og númer:

Bragagata 22 a.

Möt framkvæmd: 1/12/1940. Samræmismat 1. apríl 1951.		Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, tvílyft, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Á neðri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, gangur. Skilveggur er eftir endilöngu húsinu úr steinsteypu, sementssléttaður, en aðrir skilveggir eru úr bindingi, með tvöföldum þiljum. Innan á útveggjum er borðagrind, með pappa í og þiljum þar innan á. Gólf eru úr timbri með milligólfi í báðum bitalögum og neðan á loftbitum er borðaklæðning. Þiljur og loft eru lögð striga og vélapappír og allt ýmist veggfóðrað eða málað. Á efri hæðinni er sama herbergjaskipun og frágangur allur eins og á þeirri neðri. Á þaklyfti eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Allt með samskonar frágangi eins og er á neðri hæðum þess. Kvistur er á vesturhlíð hússins og 2 gluggakvistir eru á austurhlíð þess.</p> <p>Stærð: L. 8.2 m. br. 6.5 m. h. 5.8 m. ris 3.3 m.</p> <p>Inngönguskúr er við austurhlíð hússins, byggður eins og það. Hann er sementssléttaður innan og málaður. Allt er húsið sementssléttað utan.</p> <p>Stærð: L. 2.3 m. br. 3.3 m. h. 7.4 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>		36.690.-
<p>b. Geymsluskúr, úr binding, klæddur utan borðum, pappa og járn. Þar eru geymsluklefar.</p> <p>Stærð: L. 4.3 m. br. 1.9 m. h. 2.9 m. skápak.</p> <p>" úskots. L. 6.3 m. br. 2.0 m. h. 2.1 m. skápak.</p> <p>Skúrin er virtur á.....</p>		900.-
		Samtals 37.590.-
<p>Samræmismat 1. apríl 1951.</p>		
A. Íbúð-og verzlh.:	L 7.3 br. 6.6 h. 8.5 ris 2.2 = 462.53 m ³	
" Viðbygging	: L 6.4 br. 4.2 h. 8.5 ris 2.2 kj. 2.0 = 311.81 m ³	263.300.00
B. Geymsla	: L 4.0 br. 2.0 h. 1.8 = 14.40 m ³	1.200.00
	<u>788.74 m³</u>	<u>264.500.00</u>

Gata og númer:

Bragagata 23.

Möt framkvæmd: (1/12/1942.) 28/1/1947.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, einlyft, með kvisti, risi og kjallara, úr steinsteypu, með þaki úr borðasúð, pappa, listum og jární. Á kjallarahæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, þvottahús og gangur. Á aðal hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús og anddyri. Báðar eru hæðirnar þiljeðar innan, strigalagðar og málaðar. Milligólf, með sagspónastoppi og pappa eru í 2 bitalögum. Steinsteypugólf er í kjallaranum. Á rishæðinni eru 2 íbúðarherbergi, þurkloft og gangur. Allt með sama frágangi eins og hæðirnar.</p> <p>Stærð: L. 9.0 m. br. 7.7 m. h. 3.0 m. ris 3.3 m. kjh. 2.4 m.</p> <p>Inngönguskúr hefur verið byggður við húsið, að efni og frágangi eins og það. Á hvorri hæð skúrins fyrir sig er baðherbergi m/v.s. og stigagangur. Á rishæð hans er 1 íbúðarherbergi, v.s. og gangur.</p> <p>Stærð: L. 4.2 m. br. 3.8 m. h. 5.5 m. ris 1.0 m. kjh. 2.4 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	87.000.-
<p>b. Bifreiðaskúr, úr steinsteypu, veggir gólf og þak. Hann er hólfaður í tvennt með tréskilvegg. Skúrin er múrsléttaður utan og innan.</p> <p>Stærð: 6.0 m. br. 3.0 m. h. 2.5 m. skáþak.</p> <p>Skúrin er virtur á.....</p>	2.700.-
Samtals	89.700.-
=====	
<p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 1/3/1942.</p> <p>Íbúðarhús: L. 9.0 m. br. 7.7 m. h. 3.0 m. ris 3.3 m. kjh. 2.4 m.</p> <p>Inngönguskúr: L. 4.2 m. br. 3.8 m. h. 5.5 m. ris 1.0 m. kjh. 2.4 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p> <p>Bifreiðaskúr: L. 6.0 m. br. 3.0 m. h. 2.5 m. skáþak.</p> <p>Skúrin, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....</p>	160.700.-
Samtals	166.100.-
=====	
Samræmismat 1. apríl 1951.	
A. Íbúðarhús : L 9.0 br. 7.7 h. 3.0 ris 3.3 kj. 2.4 = 485.10 m ³	
" Inngönguskúr : L 4.2 br. 3.8 h. 5.5 ris 1.0 kj. 2.4 = 134.06 m ³	210.500.00
B. B ifreiðaskúr: L 6.0 br. 3.0 h. 2.5 skáþak = 45.00 m ³	8.100.00
664.16 m	218.600.00

Gata og númer:

Bragagata 24.

Möt framkvæmd: (1/11/1941.) 17/7/1947 Samræmismat 1. apríl 1951.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og járn á veggjum og baki. Á aðal hæðinni eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Allt biljað innan, strigalagt, veggfóðrað og málað. Á rishæðinni eru 2 íbúðarherbergi og framloft, með sama frágangi og á aðal hæðinni.</p> <p>Stærð: L. 6.3 m. br. 5.7 m. h. 2.8 m. ris 2.4 m.</p> <p>Íbúðarhús, nýtt er við suðurgöfl eldra hússins, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Í húsinu eru 2 loft úr járnþentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir eru úr venjulegri steypu. Innan á útveggjum eru vikurplötur og íbúðarherbergi hússins eru múrsléttuð og máluð. Á aðal hæðinni eru 2 íbúðarherbergi, baðherbergi m/v.s., skápur og gangur. Í kjallaranum er þurk- og þvottahús og miðstöðarherbergi. Dyr með tréhurð er á milli húsanna.</p> <p>Stærð: L. 4.2 m. br. 9.5 m. h. 3.4 m. skápak, kjh. 2.0 m.</p> <p>Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>30.610.-</p>
<p>Húsið en óbreytt frá síðasta mati 1/11/1941.</p> <p>Íbúðarhús: L. 6.3 m. br. 5.7 m. h. 2.8 m. ris 2.4 m.</p> <p>Do: L. 4.2 m. br. 9.5 m. h. 3.4 m. ris 2.0 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, eru virt á.....</p>	<p>89.300.-</p>
<p>Samræmismat 1. apríl 1951.</p> <p>A. Íbúðarhús: L 6.3 br. 5.7 h. 2.8 ris 2.4 = 143.64 m³</p> <p>" do : L 4.2 br. 9.5 h. 3.4 ris 2.0 = 175.56 m³</p> <p style="text-align: right;">319.20 m³</p>	<p>114.900.00</p>

Gata og númer:

Bragagata 25.

Möt framkvæmd: (2/12/1941.) 25/9/1945. Samræmismat 1. apríl 1951.	Metið kr.
a. Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og jární á veggjum og þaki. Í húsinu eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Í binding er pappi og allt er húsið þiljað innan, strigalagt, veggfóðrað og málað. Stærð: L. 10.0 m. br. 4.6 m. h. 3.2 m. ris 1.2 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	20.225.-
b. Geymsluskúr, úr timbri, járnvarinn og með steinsteypugólfi. Hann er hólfður í tvennt, geymsluherbergi og þvottaherbergi. Hið síðara er þiljað og múrhúðað innan. Stærð: L. 3.8 m. br. 3.0 m. h. 2.8 m. skápak.	
Skúrin, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	2.240.-
Samtals =====	22.465.-
=====	
Húsin eru óbreytt frá síðasta mati í meginatriðum, en endurbætt. (2/12/1941)	
a. Stærð íbúðarhússins: L. 10.0 m. br. 4.6 m. h. 3.2 m. ris 2.0 m.	
b. " geymsluskúrs: L. 3.8 m. br. 3.0 m. h. 2.8 m. skápak.	
Litra a, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	46.300.-
" b, er virt á.....	1.400.-
Samtals =====	47.700.-
=====	
Samræmismat 1. apríl 1951.	
A. Íbúðarhús: L 10.0 br. 4.6 h. 3.2 ris 2.0	= 193.20 m ³ 59.900.00
B. Geymsla : L 3.8 br. 3.0 h. 2.8 skápak	= 31.92 m ³ 2.200.00
	225.12 m ³ 62.100.00

Gata og númer:

Bragagata 25 Q.

Möt framkvæmd: 21/5/1935. Samræmismat 1. apríl 1951.		Metið kr.
a.	Íbúðarskúr, úr bindingi, klæddur utan borðum og pappa á veggjum og þaki. Þar er 1 íbúðarherbergi, þiljað innan, strigalagt, veggfóðrað og málað, eldhús, búr og gangur, þiljað allt innan með panel og málað. Stærð: L. 6.3 m. br. 3.9 m. h. 3.0 m. skápak. Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	2.922.-
b.	Geymsluskúr, úr bindingi, klæddur utan borðum og pappa á veggjum og þaki. Stærð: L. 4.2 m. br. 2.1 m. h. 1.8 m. skápak. Skúrinn er virtur á.....	160.-
Samtals		3.082.-
<hr/>		
Samræmismat 1. apríl 1951.		
A.	Íbúðarskúr: L 6.3 br. 3.9 h. 3.0 skápak = 73.71 m ³	22.000.00
B.	Geymsla : L 4.2 br. 2.1 h. 1.8 skápak = 15.88 m ³	1.600.00
		<u>23.600.00</u>

Gata og númer:

Bragagata 26.

Möt framkvæmd: 1/11/1941. Samræmismat 1. apríl 1951.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, úr binding, klætt utan borðum, pappa, með járnþaki þar yfir. Það er einlyft, með porti og risi. Innan á binding er pappi, og listar. Niðri í húsinu eru 3 íbúðarherbergi og eldhús, allt þiljað, með striga og pappír á veggjum og loftum. Á lofti uppi eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og gangur, allt þiljað og með pappa á veggjum og striga og pappír á loftum, allt málað. Kjallari er úr steinsteypu, þar eru þvottaherbergi, 2 geymsluherbergi, trésmíðastofa (2 hefilb.), v.s. og gangur. Hann er múrhúðaður og sementsstrokinn. Stærð: L. 6.0 m. br. 6.0 m. h. 3.8 m. ris 2.0 m. kjh. 2.2 m.</p> <p>Inngönguskúr, byggður eins og húsið, við norðurgafi þess. Í honum eru 2 gangar.</p> <p>Stærð: L. 3.5 m. br. 1.8 m. h. 2.8 m. skáþak, kjh. 2.2 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>19.820.-</p>
<p>Samræmismat 1. apríl 1951.</p> <p>A. Íbúðarhús : L 6.0 br. 6.0 h. 3.8 ris 2.0 kj. 2.2 = 252.00 m³</p> <p>" Inngönguskúr: L 3.5 br. 1.8 h. 2.8 skáþak kj. 2.2 = 31.50 m³</p> <p style="text-align: right;">283.50 m³</p>	<p>85.100.00</p>

Möt framkvæmd: (1/2/1943.) 26/11/1946. Samræmismat 1. apríl 1951.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, úr steinsteypu, með járnþaki úr borðasúð, með pappa á milli. Á aðal hæð hússins eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, gangur og v.s. Innan á útveggjum er borðagrind, með tjörupappa og 5/8" óplögðri borðaklæðningu innan á. Panelbiljur eru neðan á loftbitum. Skilveggur úr steinsteypu er eftir endilöngu húsinu miðju, kalksléttaður og með álímdum veggjapappír. Aðrir skilveggir eru úr binding með tvöföldum biljum. Allar biljur eru lagðar striga og pappír og málað. Milligólf er í báðum bitalögum með pappa og sagspónum á milli gólfanna. Á þaklyfti er 1 íbúðarherbergi, en að öðru leyti er loftið óinnréttað. Kjallari er undir öllu húsinu. Þar er 1 íbúðarherbergi, eldhús, geymsluherbergi, v.s. og gangur. Íbúðarherbergið og eldhúsið, er með samskonar frágangi og er á aðal hæðinni. Steinsteypugólf er í þvottaherbergi, eldhúsi, v.s. og gangi, en timburgólf í hinum herbergjunum.</p> <p>Stærð: L. 8.3 m. br. 7.0 m. h. 3.1 m. ris 2.7 m. kjh. 2.6 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	54.270.-
<p>b. Trésmíðavinnuhús, byggt sunnanvert við íbúðarhúsið, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Í húsinu er timburgólf. Þar er trésmíðavinnustofa með hefilbekk og geymsluherbergi.</p> <p>Stærð: L. 5.0 m. br. 4.1 m. h. 2.7 m. skápak.</p> <p>Húsið er virt á.....</p>	3.420.-
Samtals	57.690.-
=====	
Virt 26/11/1946.	
Húsið er óbreytt frá síðast mati 1. febr. 1946.	
A. Íbúðarhús: L 8.3 m. br. 7.0 m. h. 3.1 m. ris 2.7 m. kj. 2.6 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....krónur	115.400.-
B. Geymsluskúr: L 5.0 m. br. 4.1 m. h. 2.7 m. skápak.	
Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á....."	8.300.-
Samtals krónur	123.700.-
=====	
Samræmismat 1. apríl 1951.	
A. Íbúðarhús : L 8.3 br. 7.0 h. 3.1 ris 2.7 kj. 2.6 = 406.70 m ³	150.500.00
B. Trésmíðahús: L 5.0 br. 4.1 h. 2.7 skápak = 55.35 m ³	8.300.00
	<u>462.05 m³</u>
	<u>158.800.00</u>

Gata og númer:

Bragagata 27.

Möt framkvæmd: 23/9/1922. Samræmismat 1. apríl 1951.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, einlyft, með risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og jární á veggjum og þaki. Innan á binding er filtþappi. Á aðal hæð hússins eru 4 íbúðarherbergi, eldhús og gangur, allt þiljað. Á veggjum er pappa, en á loftum strigi og pappír, allt málað. Á rishæðinni eru 2 íbúðarherbergi, búr og gangur, allt þiljað og málað. Kjallari er undir öllu húsinu, með steinsteypugólfi og langveggur úr sama. Þar er v.s. og geymslur. Einnig hefir núr verið gjörð þar íbúð, 1 herbergi, eldhús og gangur, allt þiljað og málað, einnig þvottaherbergi.</p> <p>Stærð: L. 8.8 m. br. 6.8 m. h. 3.1 m. ris 2.7 m. kjh. 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>19.263.-</p>
<p><u>Samræmismat 1. apríl 1951.</u></p>	
<p>A. Íbúðarhús: L 8.8 br. 6.8 h. 3.1 ris 2.7 kj. 2.5 = <u>412.90 m³</u></p>	<p><u>136.300.00</u></p>

Gata og númer:

Bragagata 28.

Möt framkvæmd: 29/1/1923. Samræmismat 1. apríl 1951.	Metið kr.
